



Bygging nýs Landspítala:

Upphafsfundur

Undirbúningur fyrir hönnun nýs Landspítala – háskólasjúkrahúss hófst fyrir alvöru í dag með fundi framkvæmdanefndar nýbyggingar Landspítala með hátt á þriðja hundrað starfsmönnum spítalans og ráðgjöfum sem ráðnir hafa verið til að sinna tilteknum verkefnum. Við sama tækifæri undirritaði Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, og fulltrúi danska fyrirtækisins CF Møller samkomulag um gerð deiliskipulagstillögu.

Fjörutíu og fjórir notendahópar tæplega 300 starfsmanna munu á næstu mánuði taka þátt í þarfagreiningu vegna hönnunar nýs spítala, en hlutverk þeirra er að taka saman nákvæmt yfirlit yfir starfsemina sem fram á að fara á hinum nýja spítala og hvernig þeirri starfsemi yrði best fyrir komið.

Hlutverkið felst einnig í að meta tengsl deilda og stofnana, en gert er ráð fyrir að öll starfsemi Landspítalans, heilbrigðisvísindadeildar Háskóla Íslands, og rannsóknastöðvarinnar á Keldum, rísi við Hringbraut.

Haft verður samráð og samvinna við samtök sjúklinga og hefur þegar verið haft samband við þrenn sjúklingasamtök og verður samráðið af þessu tagi aukið fljótlega.

Samningurinn um tillögu að deiliskipulagi og vinna við það tekur til lóðar Landspítala – háskólasjúkrahúss en hún markast af Eiríksgötu, Barónsstíg og nýju Hringbrautinni vestur að Njarðargötu.

Leyfilegt heildarbyggingarmagn er rúmlega 170 þúsund fermetrar. Um er að ræða hefðbundið og lögbundið skipulagsferli, sem felur í sér samráð og samvinnu við skipulagsyfirvöld í Reykjavík og samráð og kynningu gagnvart íbúum.

Unnið verður í nánú samstarfi við ráðgjafa frá danska fyrirtækinu CF Møller, höfunda vinningstillögu vegna skipulags á lóð Landspítala, en þessum þætti undirbúningsins á að ljúka 30. júní nk. Við allan undirbúning er við það miðað að framkvæmdir geti hafist eftir tvö ár. Þegar þarfagreiningu lýkur hefst endurskoðun vinningstillögunar og byggist hún á þarfagreiningunni. Það munu á næstu mánuðum starfa 6-8 ráðgjafar, sérfræðingar í starfsemi sjúkrahúsa og háskólastarfsemi við að setja fram þarfir nýs spítala miðað við árið 2025.

Arkitektarnir sem ráðnir hafa verið sem ráðgjafar framkvæmdanefndarinnar hafa víðtæka reynslu á sviði hönnunar og að reisa sjúkrahús og skyldar byggingar. Má í þessu sambandi benda á að þeir hönnuðu Akershus sjúkrahúsið í Osló, þeir eru að vinna við

byggingu barnspítala í Álasundi, og rannsóknabyggingu við háskólasjúkrahúsið í Björgvin.

Kynningafundurinn í dag var fyrsti almenni fundur framkvæmdanefndar sem skipað var til að stjórna uppbyggingu nýs Landspítala við Hringbraut með starfsmönnum. Í framkvæmdanefndinni er Alfreð Þorsteinsson, borgarfulltrúi, formaður, og Inga Jóna Þórðardóttir, viðskiptafræðingur, varaformaður. Með þeim skipa nefndina: Kristín Ingólfssdóttir, rektor, Ragnheiður Haraldsdóttir, skrifstofustjóri, Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Magnús Pétursson, forstjóri, og Björn Ingi Sveinsson, verkfræðingur.

Nánari upplýsingar veita:

Alfreð Þorsteinsson, formaður framkvæmdanefndar, í síma 617-7740.

Ingólfur Þórisson, framkvæmdastjóri skrifstofu tækni og eigna hjá Landspítala-háskólasjúkrahúsi, í síma 543-1510.

Fréttatilkynning frá framkvæmdanefndar nýbyggingar Landspítala 1. febrúar 2006.